

Alþingi  
Erindi nr. P 139/3032  
komudagur 22.8.2011

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2011

**Efni: Umsögn Samtaka íslenskra fiskimanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006 þskj. 1510---839. mál.**


Samtök íslenskra fiskimanna lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og fagnar framlagningu þess.

Það er okkar skoðun að hér sé málið nálgast á réttann hátt; með breytingum á núgildandi lögum.

Við teljum þó rétt að skoða hvort koma ætti á fót Auðlindasjóði sem færi með hluta aflaheimilda. Myndu sveitarfélög þá ráða yfir hluta heimilda og Auðlindasjóður hluta. Er það m.a. vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem að orðið hafa á búsetu í landinu á undanförunum 2 áratugum og breytinga á sveitarfélögum á sama tíma.

Einnig teljum við rétt að fella út 10% álag þegar heimildir og fiskur er seldur úr byggðalagi, við teljum slíkt ganga gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ekki vera sveitarfélögum til hagsbóta.

Virðingarfyllt,

  
Snæbjörn Þór Ingvarsson  
Ritari